

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/8/58

frá 15. desember 2008

um breytingu á ákvörðunum 2001/405/EB, 2002/255/EB, 2002/371/EB, 2002/740/EB, 2002/741/EB, 2005/341/EB og 2005/343/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tiltekna vörur

(tilkynnt með númeri C(2008) 8442)

(2008/962/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/405/EB frá 4. maí 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hreinlætispappírsvörur⁽²⁾ fellur úr gildi 4. maí 2009.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB frá 25. mars 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvarpstæki⁽³⁾, fellur úr gildi 31. mars 2009.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/371/EB frá 15. maí 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir textílvörur⁽⁴⁾ fellur úr gildi 31. maí 2009.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/740/EB frá 3. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rúmdýnur og um breytingu á ákvörðun 98/634/EB⁽⁵⁾ fellur úr gildi 28. febrúar 2009.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB frá 4. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar

viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir afritunarpappír og grafískan pappír og um breytingu á ákvörðun 1999/554/EB⁽⁶⁾ fellur úr gildi 28. febrúar 2009.

- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/341/EB frá 11. apríl 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir einkatölvur⁽⁷⁾ fellur úr gildi 30. apríl 2009.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/343/EB frá 11. apríl 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir fartölvur⁽⁸⁾ fellur úr gildi 30. apríl 2009.
- 8) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar á réttum tíma og einnig tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem settar eru fram í þessum ákvörðunum.
- 9) Vegna þess að þessar ákvarðanir eru á mismunandi stigum endurskoðunarferlisins er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í þeim. Lengja skal gildistímann um 7 mánuði fyrir ákvarðanir 2002/255/EB og 2002/371/EB, um 8 mánuði fyrir ákvörðun 2001/405/EB, um 10 mánuði fyrir ákvörðun 2002/740/EB, um 13 mánuði fyrir ákvarðanir 2005/341/EB og 2005/343/EB og um 15 mánuði fyrir ákvörðun 2002/741/EB.
- 10) Því ber að breyta ákvörðunum 2001/405/EB, 2002/255/EB, 2002/371/EB, 2002/740/EB, 2002/741/EB, 2005/341/EB og 2005/343/EB til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, 19.11.2009, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 142, 29.5.2001, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 87, 4.4.2002, bls. 53.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 133, 15.5.2002, bls. 29.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 236, 4.9.2002, bls. 10.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 237, 5.9.2002, bls. 6.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 35.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2001/405/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „hreinslætispappírsvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 4. janúar 2010.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2002/255/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. október 2009.“

3. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2002/371/EB komi eftirfarandi:

„5. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „textílvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2009.“

4. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2002/740/EB komi eftirfarandi:

„5. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2009.“

5. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2002/741/EB komi eftirfarandi:

„5. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. maí 2010.“

6. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2005/341/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „einkatölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. maí 2010.“

7. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2005/343/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „fartölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. maí 2010.“

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.